

# Frístundavagn Fylkis 2018-2019

Frístundavagn Fylkis mun fara af stað mánudaginn 3.september 2018. Fylkir hefur samið aftur við Hópbíla um að sjá um aksturinn í vetur og erum við bjartsýn á að samstarfið muni halda áfram að ganga vel.

Vagninn mun keyra alla virka daga frá 3.september 2018 til 14.desember 2018 samkvæmt meðfylgjandi aksturplani.

Vagninn keyrir ekki í kringum jól, páska og á frídögum. Félagið áskilur sér rétt til að gera breytingar á dagskránni sé þess þörf vegna t.d. þátttöku.

Allir sem nýta sér vagninn verða að vera skráðir og fer skráning fram á heimasíðu félagsins [www.fylkir.is](http://www.fylkir.is) í gegnum skráningarkerfið. Sú breyting hefur verið gerð á skráningarferlinu að núna er um að ræða sér „námskeið“ sem heitir Frístundavagn Fylkis. Allir sem skrá sig í vagninn fá afhent kort sem krakkarnir sýna bílstjóranum, reiknað er með að afhending kortana verði um miðjan september og þess vegna þarf ekki að framvísa neinu fram að þeim tíma. Gjaldið er 7.000 fyrir haustönn og 9.000 fyrir vorönn. Borgað er helmingur fyrir barn númer tvö og ekkert fyrir það þriðja osfrv.. Haft skal samband við [svana@fylkir.is](mailto:svana@fylkir.is) varðandi það, annaðhvort áður en skráð er eða eftir á og endurgreiðsla fæst.

Ferðirnar eru aðallega fyrir krakka í 1. til 4. bekk í grunnskólum hverfisins: Ártúnsskóla, Árbæjarskóla, Selásskóla og Norðlingaskóla. Eldri krakkar geta nýtt sér ferðirnar sé pláss.

Það er á ábyrgð foreldra að frístundaheimilið viti hvenær barnið á að taka vagninn.

Starfsmaður frístundaheimilis mun fylgja þeim sem skráðir eru í frístundaheimili að vagninum.

Það er alltaf á ábyrgð foreldra að börnin fari út á réttum stað og skili sér á æfingu.

Þeir krakkar sem eru með töskur og föt geta geymt það á æfingastaðnum meðan æfingin er. Eftir að æfingu er lokið eru krakkarnir á ábyrgð foreldra.

Ef eitthvað gleymist í vagninum þá er farið með það í Fylkishöll.

Mikilvægt er að foreldrar séu vel vakandi fyrir því hvernig dagskrá hópsins er sem barnið er að æfa með. Æfingar geta fallið niður og stundum er æfingátíma breytt.

Vagninn bíður ekki eftir neinum heldur leggur af stað á umsettum tíma.

Vakni einhverjar spurningar skal þá hafa samband við íþróttafulltrúa Fylkis Halldór Steinsson [doristeins@fylkir.is](mailto:doristeins@fylkir.is).

Einnig eru allar ábendingar vel þegnar.

Mikilvæg símanúmer:

Fylkishöll 571-5601

Fylkissel 571-5602

Hópbílar 599-6000

## Árbæjarvagninn (Dagskrá alla virka daga)

Ártúnsskóli 14:05  
Árbæjarskóli 14:10  
Selásskóli 14:16  
Fylkissel 14:20  
Norðlingaskóli 14:23

Ártúnsskóli 14:33  
Árbæjarskóli 14:38  
Fylkishöll 14:42  
Selásskóli 14:47  
Fylkissel 14:52  
Norðlingaskóli 14:55

Ártúnsskóli 15:05  
Árbæjarskóli 15:10  
Selásskóli 15:16  
Fylkissel 15:20  
Norðlingaskóli 15:23

Ártúnsskóli 15:33  
Árbæjarskóli 15:38  
Fylkishöll 15:42  
Selásskóli 15:47  
Fylkissel 15:52  
Norðlingaskóli 15:55  
Fylkishöll 16:05

-Ártúnsskóli:  
-Árbæjarskóli:  
-Fylkishöll:  
-Selásskóli:  
-Fylkissel:  
-Norðlingaskóli:

Vagninn stoppar á hringtorginu við skólann.  
Vagninn stoppar á bílastæðinu við Árbæjarkirkju / Ársel.  
Vagninn stoppar við Fylkishöll ( að neðanverðu ).  
Vagninn stoppar á bílastæðinu við Selásbraut.  
Vagninn stoppar fyrir fram aðalinngang.  
Vagninn stoppar á bílastæðinu við skólann.

# Kort

